

BORGARRÁÐ 11. febrúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að innri endurskoðandi kanni heildarkostnað við endurbætur á Óðinstorgi - R19030190

Borgarráð samþykkir að fela Innri endurskoðenda að skoða öll ítagögn sem finnast hjá Reykjavíkurborg s.s. fjárheimildir frá árinu 2017 til og með 2020, hönnunarsamkeppnir, útboð, skoðun á reikningum og fl. til að upplýsa hvað endurbætur Óðinstorgi raunverulega kostuðu útsvarsgreiðendur í Reykjavík.

Greinargerð:

Þær reikningskúntir sem Reykjavíkurborg notar til að réttlæta svo lágan kostnað standast ekki skoðun eins og allir vita. Að fletja út allan kostnað t.d. 60 milljóna hönnunarkostnaðs á torginu á allt verkið og deila heildarkostnaði verksins í heild með fermetrafjölda til að fá út fermetraverð og margfalda síðan með fjölda fermetra Óðinstorgs til að finna út verðmiða á torgið eru blekkingar og ósannindi. Sjá nánar hér:

<https://www.visir.is/g/20212068153d/reikningskuntir-reykjavikur-vegna-odinstorgs>